

HAFNARFJARÐARBÆR



www.hafnarfjordur.is



2. fundur Framkvæmdanefnd um uppbyggingu knatt húss á Ásvöllum, þann 25. febrúar 2020, kl. 16:15.

Viðstaddir voru.

Starfshópur.

Kristinn Andersen, formaður

Brynjar Þór Gestsson

Daði Lárusson

Samúel Guðmundsson

Jóhann Unnar Sigurðarson

Með starfshópnum starfa:

Sigurður Haraldsson

Geir Bjarnason

Rósa Steingrimsdóttir

Magnús Gunnarsson

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Íþróttá- og tómstundarfulltrúi

Sviðstjóri fjármálasviðs

Framkvæmdastjóri Hauka

forföll

Eftirfarandi var tekið fyrir. Á fundinn mætti Sigurður Jón Jónsson frá Verkís.

1. Farið yfir verkefnið.

Sigurður Jón fór yfir að viðmiðunarupphæðir m.t.t. EES er 895 milljónir króna m/vsk. Það þýðir að bjóða þarf út verkið á Evrópska Efnahagssvæðinu. Rætt var um mismunandi útboðsleiðir, alútboð, hanna húsið og bjóða það síðan út fullhannað og markútboð. Farið var yfir kostnaðarmat vegna framkvæmdanna og ákveðið að rýna kostnað að nýju. Það var farið yfir áfangaskiptingu á verkefninu og mögulegar áfangaskiptingar ræddar. Rætt var um að gera frumhönnunarskýrslu og var Sigurði Haraldssyni falið að skoða það verkefni.

2. Farið yfir stöðu skipulagsmála sem tengjast verkefninu.

Sigurður Haraldsson fór yfir stöðu á aðalskipulagi, deiliskipulagi og hugsanlegum tímalínum vegna skipulaganna. Aðalskipulagið er að klárast og gert er ráð fyrir að deiliskipulag fyrir svæðið klárast í apríl mánuði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 17:15

Næsti fundur verður boðaður sérstaklega og verður að Ásvöllum.